

Úthlutunarreglur fyrir Höfundasjóð Myndstefs

Höfundasjóður Myndstefs¹ úthlutar árlega höfundaréttargreiðslum til rétthafa, að undangengnu umsóknarferli.

Annars vegar eru veittir styrkir til ferða, menntunar og vinnustofu dvalar, á grundvelli umsóknar og er þeim aðeins úthlutað til félagsfólks Myndstefs.

Hins vegar er úthlutað úr Höfundasjóði til verkefna og er slík úthlutun metin aðallega út frá réttindamagni. Árlega eru veitt allt að sjö öndvegisframlög ætluð til verkefna sem ætlað er að varpa ljósi á feril viðkomandi höfundar.

Úthlutunarnefnd er skipuð þrem aðilum - einum frá hverri stoð Myndstefs;

Hönnun og Arkitektúr (MHA), Ljósmyndun (LMÍ) og Myndlist (SÍM). Stjórnir stoðanna tilnefna fulltrúa (og varamann) sem starfar í tvö ár af þremur í nefndinni. Þriðji aðillinn ár hvert kemur úr stjórn Myndstefs og er hann frá þeirri stoð sem ekki á tilnefndan fulltrúa það árið. Hann er formaður nefndarinnar og sér um undirbúning og boðun funda. Varðandi vanhæfi nefndarfólks er farið að lögum.² Formaður úthlutunarnefndar kynnir niðurstöður fyrir stjórn Myndstefs. Niðurstöður eru tilkynntar umsækjendum í tölvupósti og birtar á heimasíðu Myndstefs eigi síðar en 20. sept. ár hvert.

Niðurstöður eru endanlegar og ekki er hægt að kæra þær.³

1. Aðeins er tekið við rafrænum umsóknum, og skulu þær vera í nafni tiltekins höfundar. Aðeins er úthlutað til einstaklinga. Ekki er tekið við fleiri en tveimur umsóknum á hvern höfund.

2. Úthlutunarnefnd starfar sjálfstætt og eru gögn og störf hennar trúnaðarmál. Óheimilt er að hafa samband vegna umsóknar við þau sem sitja í úthlutunarnefnd. Brot gegn því getur leitt til þess að umsókn verði vísað frá.

3. Úthlutunarnefnd skal leitast við að úthluta með sanngjörnum hætti og m.t.t. jafnræðissjónarmiða. Nefndin skal fara ítarlega yfir umsóknir og leggja faglegt mat á starfsferil og verkefni. Einnig skal tekið tillit til að úthlutað sé með sanngjörnum hætti til hvers fags eða greinar innan Myndstefs, m.a. m.t.t. flokka réttindagreiðslna eða samningskvaðasamninga.

4. Umsóknir um framlag til verkefnis (t.d. bók eða sýningu) sem langt er komið eða lokið á síðustu 12 mánuðum njóta forgangs. Verkefni skal lokið innan þriggja ára. Ekki er tekið við umsóknum frá þeim sem hlotið hafa framlag árið áður (gildir ekki um styrk).

Við úthlutun til verkefna er lagt faglegt mat á starfsferil og verkefnið. Miðað er við að starfsferill gildi 70% en mat á verkefni 30%.

Upphæðir sem hægt er að sækja um eru 250.000, 500.000 og 750.000 kr.

Einnig er hægt að sækja um öndvegisframlag að fjárhæð 1 m.kr. og er það einvörðungu veitt til verkefnis sem ætlað er að varpa ljósi á feril viðkomandi höfundar.

5. Við úthlutun styrkja til ferða-, menntunar- og vinnustofudvala er lagt mat á umsóknir svosem á mikilvægi þess sem sótt er um.

Hægt er að sækja um styrki að upphæð 50.000, 100.000, 150.000 eða 200.000 kr.

6. Þau sem hljóta framlag úr sjóðnum ber að afhenda skilagrein til skrifstofu Myndstefs innan þriggja ára. Hafi umsækjandi sem hlotið hefur fé úr sjóðnum ekki afhent skilagrein telst ný umsókn ógild. Sé verkefni ekki lokið innan þriggja ára áskilur Myndstef sér rétt til að fara fram á endurgreiðslu.

¹ Réttindatekjur í Höfundasjóði stafa að miklu leyti frá Fjölís, IHM og safnasamningum.

Sjá nánar um réttindatekjur sem renna í Höfundasjóð í gagnsæisskýrslu Myndstefs:

<https://myndstef.is/wp-content/uploads/2026/06/gagnsaeisskyrsla-2025.pdf>

² Hvað varðar vanhæfi eru ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 lögð til grundvallar.

³ Bent er á að skv. 3 tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er ekki skylda að veita rökstuðning þegar um er að ræða úthlutanir á sviði lista, menningar eða visinda.